

Velkomin í Víkina

Skólaárið 2022-2023



Gleði - öryggi - vinátta

Víkin - 5 ára deild í GRV

Um leið og við bjóðum barnið ykkar og ykkur velkomin í Víkina 5 ára deild GRV, viljum við upplýsa ykkur um ýmis atriði er varða starfsemi skólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita. Víkin 5 ára deild var opnuð árið 2009 og mun því eiga 13 ára starfsafmæli í haust. Í upphafi starfaði Víkin undir



Hamarsskólanum og ári síðar var ákveðið að hún tilheyrði Kirkjugarði og hlaut þá nafnið Víkin. Haustið 2016 var hún færð aftur undir Grunnskóla Vestmannaeyja og starfar nú undir formerkjum skólans. Öll fimm ára börn í Vestmannaeyjum eru í Víkinni. Deildirnar okkar heita Heimaklettur, Miðklettur og Ystiklettur.

Áherslur og uppeldissýn Víkurinnar



Við leitumst við að rækta hæfileika barnsins sem koma til með að nýtast því sem best í nútímasamfélagi. Mikilvægast finnst okkur að rækta sterka sjálfsmynd, félagslega færni og trú á eigin getu. Mikil áhersla er lögð á að efla vináttu, jákvætt hugarfar og glaðleg samskipti.

Einnig er lögð áhersla á að veita börnum umhyggju og hlýju, örvun og hvatningu í umhverfi þar sem þeim líður vel og finna fyrir öryggi. Okkar aðalmarkmið er að frá okkur útskrifist kát og glöð börn, sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Jafnframt að börnin hafi þann félagsþroska og almenna færni sem þarf til að takast á við næsta skólastig.

Framtíðarsýn og áherslur í skólastarfi Vestmannaeyjabæjar 2022-2026

Víkin leggur mikla áherslu á læsi, stærðfræði og snemmtæka íhlutun og vinnur eftir framtíðarsýn og áherslum í skólastarfi Vestmannaeyjabæjar.

Markmið og hlutverk framtíðarsýnarinnar er að skólar sveitarfélagsins verði í fremstu röð, veiti nemendum góða almenna menntun og hvetjandi námsumhverfi í lýðræðislegu samstarfi með áherslu á heilbrigði og vellíðan.

Hljómpróf

Í september/ október er Hljóm-2 lagt fyrir öll 5 ára börn. HLJÓM-2 er greiningartæki, aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleikum. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (9 af hverjum 10 börnum). Síðustu 30 ár a.m.k. hefur mikil áhersla verið á að börnum sé strax frá unga aldri boðið markvisst upp á leiki og verkefni til örvunar hljóðkerfis- og málmeðvitundar og að þeim sem virðast eiga í erfiðleikum sé sinnt sérstaklega. Leikskólaárin eru því sérlega mikilvæg fyrir snemmtæka íhlutun.

Íslenska og stærðfræði

Í samræmi við framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar vinnum við markvisst að því að bæta læsi og stærðfræðikunnáttu barnanna. Við vinnum markvisst með bókina *Lubbi finnur málbeinið* og nýtum efni tengt henni til að efla hljóðkerfisvitund barnanna. Við nýtum mikið kubba í leik og starfi. Við lærum stærðfræðihugtök, flokkun, talningu, form og mynstur í gegn um þá.



Frjáls leikur

Að sjálfsgöðu gleymum við ekki leiknum, frjáls leikur er undirstaða leikskólans. Í frjálsa leiknum fá börnin tækifæri til að tjá sig og til að dýpka skilning sinn á öllu því sem þau hafa lært og upplifað á sinni stuttu ævi. Við leggjum áherslu á að gefa börnunum tíma og rými til að leika á sínum forsendum. Í vali fá börnin tækifæri til að velja leikstað og efnivið.

Stig af stigi

Stig af stigi er kennsluefni fyrir 4 - 10 ára börn. Námsefninu er skipt upp í þrjú hluta og er sá fyrsti ætlaður tveimur elstu árgöngunum í leikskóla og fyrsta bekk í grunnskóla. Í Stig af stig er markmiðið að efla félags- og tilfinningaþroska barna og að þau læri að sýna viðurkennda hegðun og koma tilfinningum sínum í orð.



Hagnýtar upplýsingar

Aðlögun

Aðlögun barna yfir í Víkina fer fram tvo morgna í júní. Þá kíkja tilvonandi Víkurbörn í heimsókn til okkar frá klukkan 9:00-11:00. Daginn sem barn hefur leikskólagöngu sína á Víkinni mætir það frá 8-13 daginn sem það byrjar og ef allt gengur vel, er það fullan dag eftir það.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að börnin þurfa ekki langa aðlögun enda eru þau flest mjög spennt að byrja á 5 ára deildinni og eru búin að fá aðlögun í heimsóknum sínum að vori.



Koma og fara

Þegar barn mætir í leikskólann er ætlast til að foreldrar/forráðamenn fylgi barninu inn á deild og láti starfsfólk vita, það sama á við þegar barn yfirgefur leikskólann. Athugið að ekki er nóg að kveðja barn í anddyri.

Aðgengi að Víkinni er sunnan megin við Hamarsskóla og er ætlast til að fólk noti þann inngang. Inngangur norðan megin við leikskólann er neyðarútgangur og ekki ætlaður sem almennur inngangur fyrir foreldra og börn. Notkun á þeim inngangi getur skapað hættu þar sem mikill gegnumtrekkur getur myndast þegar báðar hurðar eru notaðar í einu.



Börnum yngri en 12 ára er ekki heimilt að koma með né sækja börn í leikskóla, jafnvel þó um systkin sé að ræða.

Friðartími

Virðum tíma barnanna í leik og starfi. Vinsamlegast komið ekki með börnin í miðjum matar- eða hvíldartíma sem er frá 11:00-13:00

Veikindi

Ekki er leyfilegt að koma með veikt barn í leikskólann. Barn sem hefur verið veikt þarf að vera hitalaust heima í einn sólahring áður en það mætir í leikskólann. Ef barn þarfnast inniveru eftir veikindi þurfa foreldrar að ræða það við starfsfólk deildarinnar, venjan er einn dagur, ef þörf krefur. Fá barnið smitandi sjúkdóm verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögð tillitssemi gagnvart öðrum börnum. Upplýsingar um helstu smitsjúkdóma barna má finna [hér](#)

Tilkynningar um veikindi eða aðrar fjarvistir.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna veikindi eða aðrar fjarvistir í síma leikskólans eða í gegn um skilaboð í Karellen. Foreldrar eru beðnir um að nýta ekki facebook síðu leikskólans fyrir tilkynningar um veikindi.

Símanúmer leikskólans eru

Heimaklettur: 488-2226

Miðklettur: 488-2227

Ystiklettur: 488-2228

Leikskólastjóri: 488-2231

Upplýsingaflæði til foreldra

Í fataherbergi leikskólans er að finna upplýsingatöflu en þar eru hengdar ýmsar almennar upplýsingar fyrir foreldra sem varða starf leikskólans.

Þá er leikskólinn með Karellen

leikskólakerfið þar sem foreldrar geta nálgast upplýsingar, séð myndir af barninu í leik og starfi og sent skilaboð. Hver deild í Víkinni er einnig með læsta facebook síðu sem foreldrar geta fengið aðgang að. En þar eru settar inn auglýsingar um viðburði í leikskólanum ásamt myndum og texta af leik og starfi með börnunum í Víkinni.



Leikskólataska/Fatnaður

Þar sem leikskólinn er vinnustaður barnanna með fjölbreytilegu starfi þarf ávallt að miða klæðnað þeirra út frá því. Ýmis óhöpp geta átt sér stað s.s. barn getur blotnað í útiveru, hellt niður á sig o.fl. Einnig er mikilvægt að hafa með sér hlýjan fatnað þegar það á við. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að tæma hólfi á föstudögum. Þar sem mikið

magn fatnaðar er í umferð er mikilvægt að fötin séu merkt. Vinsamlegast tæmið poka og töskur í hólfi barnanna og takið síðan með heim.

Útisvæði

Útisvæðið á Víkinni er ekki afgirt en börnin læra um "ósýnilegu línuna" í aðlöguninni. Þau klæðast vestu í útivistinni til þess að starfsfólk geti auðveldlega aðgreint þau frá grunnskólabörnunum. Við höfum aðgang að tveimur útisvæðum og hafa þau fengið nöfnin "gamla-útisvæðið" og "nýja-útisvæðið".



Útivera

Útivera er holl öllum heilbrigðum börnum. Íslensk veðráttta er rysjótt og umhleypingasöm og því fáum við ekki breytt. Þess vegna er börnum hollast að venjast veðráttunni eins og hún er frá blautu barnsbeini. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist fremur við útiloft en inniloft. Börn sem dvelja langdvölum innandyra í leikskóla missa einnig af hollri hreyfingu og eðlilegu samneyti við félagana sína. Við reynum því að fara út minnst einu sinni á dag, oftar þegar veður leyfir. Það er því nauðsynlegt að börnin séu undir það búin að fara út í hvaða veðri sem er.



Afmælis- og tilbreytingadagar

Við höldum uppá afmæli á afmælisdegi barnsins. Þá fær afmælisbarnið kórónu og afmælis kort. Barnið fær t.d. að velja leiki eða dans. Að sjálfsögðu syngjum við afmælissönginn og afmælisbarnið verður miðpunktur dagsins. Ekki er boðið upp á kökur eða önnur sætindi í afmælum í leikskólanum.

Í hverjum mánuði erum við með einhverja tilbreytingu fyrir börnin s.s. dótadag, söng á sal með 1. bekk GRV, opið á milli deilda o.fl. skemmtilegt. Tilbreytingadagar eru auglýstir sérstaklega á dagatali leikskólans.

Starfsmannafundir og skipulagsdagar

Leikskólinn lokar fimm sinnum á ári vegna skipulagsdaga og starfsmannafunda starfsfólks. Þessir dagar eru nýttir til skipulagningar og mati á starfsemi leikskólans. Þeir eru auglýstir á Karellen og á dagatali sem sent er heim.

Vistunarsamningur

Þegar barn byrjar í leikskólanum er gerður dvalarsamningur, sem foreldrum/forráðamönnum ber að virða. Þótt barnið sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir pláss barnsins. Einn mánuður á ári er gjaldlaus, það miðast við 4 vikna samfellt sumarleyfi barnsins.

Vinsamlegast virðið vistunartíma barnsins.



Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram og er eindagi 15. hvers mánaðar. Hægt er að greiða með greiðslukorti, greiðsluþjónustu eða greiðsluseðli. Gjaldið ræðst af lengd viðveru, fæðisgjaldi og afslætti. Systkinaafsláttur er 50% með öðru barni og greiðir þriðja barn aðeins fæðiskostnað. Uppsagnarfrestur er einn mánuður og þarf að berast til leikskólastjóra á þar til gerðu eyðublaði. Uppsögn gildir einungis frá 1. eða 15. hvers mánaðar. Það sama á við þegar breyta þarf vistunartíma barns. Uppsagnarfrestur vegna vangreiddra leikskólagjalda er einn mánuður.

Niðurfelling á fæðisgjaldi

Hægt er að sækja um niðurfellingu á fæðisgjaldi vegna fjarveru barns. Það þarf að berast leikskólanum fyrir þann 15. mánuðinum áður en barnið fer í frí og þarf tímabilið að vara í 4 vikur eða lengur.



Sérfræðiþjónusta

Samkvæmt lögum og reglugerðum um starfsemi leikskóla er sveitarfélögum skylt að sjá leikskólum fyrir ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu. Leikskólar Vestmannaeyjabæjar hafa aðgang að ráðgjöf frá þroskaþálfa, talmeina- og sálfræðingi. Á leikskólanum er starfandi sérkennslustjóri sem sinnir öllum leikskólum bæjarins.

Slys

Í leikskólanum, þar sem stór hópur barna er saman kominn, má alltaf búast við slysum/óhöppum. Sé um minni háttar óhapp að ræða eru foreldrar látnir vita af því þegar barnið er sótt. Sé um meiriháttar meiðsli að ræða er haft samband við foreldra og þau sjá um að fara með barnið á heilsugæsluna, ef ekki næst í þau fer starfsmaður leikskólans. Leikskólinn greiðir fyrstu heimsókn til læknis.

Lyfjagjafir

Ef barnið þarf á lyfjum að halda, ber að haga lyfjagjöf þannig að þau séu gefin heima en ekki í leikskólanum, en þó er hvert tilfelli metið fyrir sig.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf á að stuðla að velferð barnanna en gott samstarf er ein af forsendum þess að dvöl barns í leikskóla verði árangursrík og að barnið geti notið þess sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Samstarf starfsmanna og foreldra fer aðallega fram í daglegum samskiptum, þegar komið er með börnin og þau sótt.

Foreldrafundir eru haldnir fjórum sinnum yfir árið, einstaklingsviðtal með deildarstjóra er fyrir upphaf leikskólagöngu, hópfundir að vori og hausti og einstaklingsviðtöl í febrúar/mars.

Í seinna einstaklingsviðtalinu er farið yfir stöðu barnsins fyrir væntanlega grunnskólagöngu.



Boðskort

Leyfilegt er að dreifa boðskortum til barna innan leikskólans þegar boðið nær til allra barna innan deildar barnsins, eða allra stúlkna/drengja á deildinni. **EKKI er leyfilegt að setja boðskort í hólfi einstakra barna.** Þetta veldur oft leiðindum hjá þeim börnum sem ekki fá boðskort. Það sama á við þegar verið er að bjóða einstaka börnum af öðrum deildum.



Þagnarskylda

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu gagnvart öllu því sem snertir hagi barnsins og fjölskyldu þess.

Ýmsir viðburðir í Víkinni



Leikfimi

Börnin fara í leikfimi í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja 1x í viku yfir veturinn. Þetta er góður undirbúningur fyrir komandi skólagöngu. Börnin læra leiðina í íþróttamiðstöðina og að þekkja búningssklefana og stóru salina sem þar eru. Leikfimin fer fram undir stjórn íþróttakennara. Börnin koma með íþróttafötin með sér í poka og æfa sig að klæða sig í og úr íþróttafatnaði. Börnin eru berfætt í leikfiminni.

Dans

Börnin í Víkinni fara í danskennslu hjá Súsönnu Georgsdóttur danskennara. Þau verða í dansi einu sinni í viku á vorönn og taka svo þátt danssýningu GRV í Íþróttamiðstöðinni á skóladegi Hamarsskóla.

Tónlist

Einu sinni í viku erum við með tónlistarkennslu. Þá mætir tónlistarkennari og spilar og syngur með börnunum.

Hraunbúðir

Einu sinni í mánuði fara börnin í heimsókn á Hraunbúðir og syngja fyrir heimilisfólkið nokkur vel valin lög sem þau hafa verið að syngja. Deildarnar skiptast á að fara og fara því einu sinni á önn hver og einu sinni á hvorri önn fara allar deildarnar saman.



Opið á milli deilda

Reglulega yfir árið erum við með opið á milli deilda. Þá opnum við deildarnar og börnin fá að kíkja á heimsókn á hinar deildarnar til að leika með og kynnast hinum börnunum.

Söngur á sal

Nokkrum sinnum yfir veturinn förum við ásamt 1. bekk GRV og tökum þátt í söng á sal. Þar syngjum við nokkur lög við undirleik Jarls Sigurgeirssonar.

Desembermánuður



Í desember er ýmislegt brallað. Við bökkum piparkökur, höfum kaffihúsa-stemmingu í matsalnum, sendum jólakort, förum í Landakirkju ásamt því að búa til jólagjöf handa foreldrunum. Jólaballið okkar er alltaf mjög hátíðlegt og mun það vera haldið í sal Hamarskóla.

Einnig fáum við eldvarnarfræðslu þar sem Logi og Glóð fræða börnin um hættur ef ekki er farið varlega með eld.



Þorablót

Við tókum þátt í þorablóti GRV en þá förum við í salinn og smökkum þorramat, fræðumst um þorran og syngjum nokkur þorralög. Grunnskólinn sér um stjórn á þorablótinu og Jarl tónlistarkennari sér um að spila undir í fjöldasöng. Þá fáum við einnig harmonikkuleikara sem spila vel valin lög.



Matsalur

Börnin á Víkinni borða morgunmat og nónhressingu á deildinni sinni. Hádegismatinn borða þau í matsal skólans og er það liður í því að æfa þau fyrir grunnskólagönguna.

Bókaormar og hlutur að heiman

Yfir veturinn skiptast börnin á að koma með bækur að heiman til að lesa. Börnin búa síðan til lestrartré þar sem hver bók sem lesin hefur verið er skráð á tréð og það er gaman að sjá hversu margar bækur við lesum yfir veturinn.

Börnin fá svo að á að koma með hlut að heiman sem þau segja frá. Er það liður í að æfa þau í að tjá sig fyrir framan aðra.

Bókasafn

Börnin í Víkinni hafa alltaf aðgang að bókasafni skólans. Þar getum við lesið og skoðað bækur og leikið okkur, Einnig fáum lánaðar bækur þar til að lesa inn á deildum.



Umferðarfræðsla

Áður en börnin fara í grunnskólann fá þau fræðslu frá lögreglunni þar sem farið er yfir ýmsar umferðarreglur með börnunum. Lögreglan kemur einnig á hjóladað hjá okkur og yfirfer hjól barnanna og kennir þeim mikilvægi þess að vera með hjálm og hvernig maður hjólar úti í umferðinni.



Útskrifarferð

Að vori fara börnin í útskrifarferð. Þá förum við á flakk, fáum gott að borða og jafnvel einhverskonar glaðning. Farið er að morgni og komið heim um miðjan dag. Ekki er hægt að fastsetja þær því að sjálfsögðu reynum við að fara þegar veður er okkur hagstætt.



Útskrift

Að vori er haldin útskrift með börnum og foreldrum í Víkinni. Börnin byrja á að syngja öll saman í salnum fyrir fjölskyldur sínar, svo fara börnin og fylgifiskar hvert inn á sína deild og þar eru börnin útskrifuð. En þau fá útskriftarplagg, útskriftarhatt og annan glaðning frá leikskólanum. Að því loknu er boðið upp á kaffi og með því.

Vorskóli

Dag einn í lok maí fara Víkurbörnin í svonefndan vorskóla frá kl 13:00-15:00. Þar hitta börnin væntanlegan kennara sinn og fá smá innsýn í skólastarfið. Þau koma með nesti að heiman og fara út í frímínútur. Þetta er stór og merkilegur dagur fyrir börnin.

Frekari kynning á starfsemi Víkurinnar verður á foreldrafundi í vor og haust.

Með von um gott samstarf

Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir
Aðstoðarleikskólalastjóri Víkurinnar